

Tillögur starfshóps um breytingar á gjaldskrá og niðurgreiðslum á Fræðslu- og frístundasviði.

Grunn- og leikskólar:

Stefnt skal að því að fæðisgjald grunn- og leikskóla verði ávallt sem næst raunkostnaði hráefnis og falli ekki inn í systkinaafslátt eða tekjutengdan afslátt. Á undanförunum árum hefur verið stefnt að því að fæðisgjald sé sem næst raunkostnaði við hráefni og það markmið hefur að mestu leyti náðst. Starfshópurinn leggur til að áfram verði miðað við að fæðisgjald verði sem næst útlögðum kostnaði vegna hráefnis.

Tekjutenging vegna leikskólagjalda verði með óbreyttu sniði (í samræmi við minnisblað frá 15. ágúst sem lagt var fyrir bæjarráð)

Afsláttarfyrirkomulag vegna leikskólagjalda með tengingu við tekjur var tekið upp árið 2012. Fyrirkomulagið er þannig að lægri tekjuhópar eiga kost á allt að 40% viðbótarafslætti af leikskólagjöldum. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum nýtist viðbótarafsláttur um 68% af einstæðum foreldrum (árið 2013) og því er lagt til óbreytt fyrirkomulag.

Systkinaafsláttur verði aukinn í 50% fyrir annað barn og 75% fyrir þriðja barn og gildi milli þjónustustiga í samræmi við núverandi reglur

Systkinaafsláttur er núna 30% fyrir annað barn og 50% fyrir þriðja barn. Við yfirferð á heildargjöldum barnafjölskyldna kemur ljóslega fram mikilvægi þess að mæta barnmörgum fjölskyldum með hækkun á systkinaafslætti til að tryggja að öll börn hafi sem jafnastan aðgang að skóla og frístundastarfi. Með því að hækka systkinaafslátt er leitast við að draga úr kostnaði fjölskyldna við skólagjöld og frístundapjónustu.

Frístundastyrkir:

Starfshópurinn leggur til hækkun á frístundastyrkjum í kr. 3.000 á mánuði fyrir alla aldurshópa frá 1. september 2016. Aldursmörk verði hækkuð um tvö ár og verði frá 6 ára til 18 ára aldurs.

Meginrök fyrir hækkun frístundastyrks er að tryggja jafnan aðgang allra barna og auka þátttöku þeirra í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Með því að hækka aldersmörk í 18 ár er unnið gegn brottfalli í þessum aldurshópi.

Starfshópurinn leggur til að fræðsluráð endurskoði fyrirkomulag frístundastyrkja í þeim tilgangi að ólíkum þörfum barna og ungmenna sé mætt. Sérstaklega verði horft til þess hvort víkka eigi út skilyrði fyrir frístundastyrkjum og hvort skilgreind markmið séu of þröng í núgildandi reglum.

Dagforeldrar:

Starfshópurinn leggur til óbreytt fyrirkomulag en á síðasta ári var framlag dagforeldragreiðslna hækkað í 50 þúsund auk þess sem greiðslur hefjast nú við 18 mánaða aldur í stað 24 mánaða áður.

Frístundaheimili:

Í tillögum starfshóps um breytingar á rekstri frístundaheimila sem lagðar voru fram síðasta vor komu fram tillögur um gjaldskrá og fyrirkomulag innheimtu sem komnar eru til framkvæmda.

Aðrar tillögur:

Starfshópurinn leggur til að sett verði upp reiknivél á heimasíðu bæjarins þar sem með auðveldum hætti verði hægt að sjá þau afsláttarkjör sem í boði eru fyrir mismunandi fjölskyldugerðir.

Starfshópurinn leggur til að framkomnar tillögur komi til framkvæmda þann 1. september 2016.

Lokaorð:

Starfshópurinn leggur áherslu á að meginstefna verði að gjaldskrá Hafnarfjarðarbæjar verði hófleg, ábyrg og taki mið af kröfum samfélagsins um þátttöku fjölskyldunnar í uppbyggilegu starfi, hvort sem um er að ræða nám eða tómstundir.

Með tillögum starfshópsins eru stigin skref í þá átt að draga úr útgjöldum barnafjölskyldna. Mikilvægt er að haldið verði áfram á þessari braut og útgjöld lækkuð enn frekar með endurskoðun á dvalargjöldum leikskólabarna, tekjuviðmiðum, hækkun á systkinaafslætti og frístundastyrkjum. Við gerð næstu fjárhagsáætlunar þarf að tryggja að málefni barnafjölskyldna hafi forgang og áfram verði unnið markvisst að frekari lækkun þjónustugjalda.

Hafnarfjörður 18. apríl 2015

Helga Ingólfssdóttir

Karólína Helga Símonardóttir

Hörður Svavarsson

Adda María Jóhannsdóttir

Fjölur Sæmundsson
